

Sp.

113. Tillaga til þingsályktunar

[96. mál]

um athugun á breytingu á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga um breytingu á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, er feli í sér eftirfarandi breytingar frá gildandi lögum:

- 1) að unnt verði að meta hverja íbúð sem sérstaka einingu, en nafn hússins eða númer, ásamt lóðareiningu, ekki eitt látið ráða án tillits til þess, hve margar íbúðir eru byggðar á sömu lóð;
- 2) að tryggja, að í sambýlishúsum verði ekki aðrar íbúðir auglýstar til uppboðs eða aðfarar vegna vangoldinna gjalda en þær, sem í skuld eru hverju sinni.

Greinargerð.

Við hina öru framþróun í byggingu íbúðarhúsa hér á landi sem annars staðar hafa nánast í sama mæli aukist vandamál bæjar- og sveitarfélaga með útvegum byggingarlóða. Þessum vanda hafa bæjarfélög, a. m. k. á þéttbýlli stöðum, reynt að mæta með aukinni byggingu sambýlis- og fjölbýlishúsa.

Þetta breytta fyrirkomulag veldur svo aftur því, að margar íbúðir, byggðar á sömu lóð (sama húsnúmer), komast oft í allóþægilega samábyrgð um ýmsa hluti. Reglan „allir fyrir einn og einn fyrir alla“ verður oft að gilda í slíku sambýli, svo sem með sameiginlegt viðhald slíkra húsa.

Það, sem þó hefur komið verst við fólk í þessum húsum, er samábyrgðin um greiðslu opinberra gjalda af eignunum. Þess munu dæmi, að hjá öllum eigendum í 6—8 íbúða stigahúsi (sem hefur eitt götunúmer) hefur verið auglýst uppboð vegna ógreiddra fasteignagjalda af aðeins einni íbúð. Að vonum þykir mörgum illt að búa við slík lög. Af þeim ástæðum er tillaga flutt um endurskoðun þeirra.